

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málkostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. mars 1979.

Nr. 41/1979. **Búnaðarbanki Íslands,**
Mosfellssveit,
 gegn
Kristjáni Finnssyni og
Brynjólfi Markússyni.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 12. febrúar 1979, sem barst Hæstarétti 27. s. m., hefur sóknaraðili með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar hinni kærðu dómsathöfn, áritun Þórhildar LINDAL, fulltrúa yfirborgardómara í Reykjavík, 8. febrúar 1979 á áskorunarstefnu um frávísun máls þessa frá bæjarþingi Reykjavíkur. Krefst hann þess, að hin kærða dómsathöfn verði felld úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómarann að árita áskorunarstefnuna um aðfararhæfi fyrir stefnukröfum og málskostnaði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, svo sem heimilt er samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973.

Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður höfðaði mál þetta f. h. sóknaraðilja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, útgefinni af Þorgeiri Örlygssyni, fulltrúa

yfirborgardómara í Reykjavík, á hendur varnaraðiljum til greiðslu á víxilskuld að fjárhæð 167.000 krónur ásamt vöxtum og kostnaði. Málið var þingfest 30. janúar 1979. Kom sóknaraðili þá fyrir dóm og lagði fram sóknargögn sín, þar á meðal áskorunarstefnu, sem birt hafði verið varnaraðiljum. Krafðist hann áritunar dómara á stefnuna um aðfararhæfi hennar fyrir stefnukröfunum. Ekki var sótt þing af hálfu varnaraðilja. Málið var tekið til áritunar, og hinn 8. febrúar 1979 vísaði héraðsdómari málinu frá dómi með svofelldri áritun á frumrit stefnunnar:

„Þingfestingardegi máls þessa hefur verið breytt bæði á frumriti og afritum áskorunarstefnunnar. Ekki er ljóst, hvenær breyting þessi hefur átt sér stað eða hvort stefnda hafi verið hún kunn. Verður því af þessum sökum að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður fellur niður“.

Lögmaður sóknaraðilja skýrir svo frá í kæru sinni til Hæstaréttar, að breytingar þær á útgáfudegi og þingfestingardegi, sem gerðar hafa verið á áskorunarstefnunni, hafi hann gert, áður en hún var gefin út af fulltrúa yfirborgardómara.

Áskorunarstefnan ber með sér, að útgáfudegi hennar hefur verið breytt úr 8. í 15. janúar 1979 og þingfestingardegi úr 23. í 30. janúar 1979. Hvorki verður séð af stefnunni né öðrum gögnum máls, hver gert hafi þessar breytingar né hvenær þær hafi verið gerðar.

Var héraðsdómara því rétt að vísa málinu frá dómi ex officio samkvæmt 12. gr. laga nr. 49/1968. Ber því að staðfesta hina kærðu áritun dómara um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Það athugast, að í áskorunarstefnu er bæjarþing Reykjavíkur ranglega nefnt Borgardómur Reykjavíkur, sbr. 38. gr. laga nr. 85/1936.

D ó m s o r ð :

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.